

99. Stjórnarfundur Fenúr

20. febrúar 2008

Mætt:

Guðmundur T. Ólafsson, Pétur Bjarnason, Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Elías Ólafsson og Guðmundur B. Friðriksson.

Staður og stund:

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 10-12, kl. 13:00.

Þetta gerðist:

1. Styrkur vegna ISWA. Umhverfisráðuneytið hefur veitt FENÚR 200 þús. kr. styrk vegna ferðar formanns á aðalfund og ráðstefnu ISWA sem haldin var í Amsterdam haustið 2007. Stjórnin þakkar ráðuneytinu veittan styrk.
2. Afmæli FENÚR. Ákveðið að halda uppá 10 ára afmæli FENÚR í haust, hugsanlega í tengslum við hausráðstefnu fagráðsins. GTO mun skoða hvernig staðið var að stofnun fagráðsins fyrir næsta stjórnarfund. Þema og efni rætt, hugmyndir m.a. um gróðurhúsaáhrif og úrgangsstjórnun, viðhorfsbreytingar, neyslu og úrgangsstjórnun og þróun sl. 10 ár almennt og hjá FENÚR.
3. Aðalfundur vorið 2008. Stefnt er að því að halda aðalfund fagráðsins í Garðabæ í apríl nk. RH kannar mögulega sali og fundarstjóra í Garðabæ. Hugsanlegar dagsetningar eru 18. eða 25. apríl sem er dagur umhverfisins. Efni ráðstefnu eftir aðalfund rætt. Hugmyndir um m.a. beytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem eru til afgreiðslu á Alþingi, Lúðvík Gústafsson kynni sýna vinnu, Cees kynni endurskoðun á landsáætlun.
4. FENÚR fréttir. Efni í næsta tölublað er langt komið, meðal efnis er samantekt um haustferð FENÚR haustið 2007, ný flokkunarmerki, auglýsingar, auglýsing um aðalfund o.fl.
5. RH fór yfir drög að ársreikningi fyrir árið 2007.
6. Flokkunarmerki FENÚR. Rætt um breytingar á merki fyrir málm og postulín/gler. Markaðsátak rætt. Hugmyndir um samvinnu við Samtök atvinnulífsins.
7. Önnur mál.
 - a. Gyða hefur hætt störfum hjá SORPU. Rætt um að hún taki að sér fréttablað FENÚR í verktöku.

- b. Heimasíða SORPU er í endurskoðun. Rætt um að endurskoða heimasíðu FENÚR samhliða.
- c. GTO og Björn Halldórsson sækja fund NAF í lok maí.

Fundi slitið kl. 14:30.

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson.